

**Þinggerð 60. ársþings KSÍ,
haldið á Hótel Loftleiðum, 11. febrúar 2006**

Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 11. febrúar kl. 11:00 og mælti svo:

Ágætu gestir, góðir þingfulltrúar og kærufélagar.

Ég býð ykkur öll velkomin á 60. ársþing Knattspyrnusambands Íslands.

Þetta er því í sextugasta skipti sem knattspyrnuhreyfingin kemur saman til að móta stefnu og taka mikilvægar ákvarðanir um knattspyrnuna á Íslandi. Næsta ár, árið 2007, er hátíðarár en þá er 60 ára afmæli sambandsins. Ársþing hafa alltaf verið þungamiðjan í starfsemi hreyfingarinnar. Á ársþingum kemur hreyfingin saman, og það er ávallt tilhlökkunarefni þegar ársþing nálgast að eiga í vændum að hitta alla félagana í hreyfingunni og fá tækifæri til að ræða við þá um okkar sameiginlega áhugamál, knattspyrnuna. Þó að við séum ekki alltaf sammála og deilum um áherslur og framkvæmd mála, þá sameinumst við öll um það takmark okkar að gera knattspyrnuna á Íslandi betri og byggja upp sterka knattspyrnuhreyfingu. Á ársþingum fer fram uppgjör á þeim hlutum sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og þar mótum við líka stefnu knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir næsta ár og framtíðina. Að afloknu keppnistímabili setjast menn niður og gera upp árangurinn, fara yfir það sem miður hefur farið og einnig það sem vel hefur til tekist. Við metum árangurinn miðað við sett markmið, endurskoðum leikaðferðir og skoðum lokaniðurstöður. Það hefur ávallt verið mikil reisn yfir knattspyrnuþingum. Þar hefur farið fram virk og lífleg umræða um málin, stundum hafa orðið hressileg átök sem endað hafa með málamiðlun, en alltaf hefur markmiðið verið skýrt – að gera knattspyrnuna á Íslandi sterkari til framtíðar. Það hafa margir kröftugir knattspyrnuleiðtogar staðið í pontu á knattspyrnuþingum í gegnum árin, miklir leiðtogar og hugsjónamenn sem gert hafa knattspyrnuna að því sterka afli sem hún er í íslensku samfélagi í dag. En ársþing er ekki bara umfjöllun um lög og reglur og starfsemina fyrir og nú og í framtíð. Það er vettvangur skoðanaskipta á göngum, í hliðarherbergjum, í kaffihléum, og yfirleitt alls staðar þar sem tækifæri gefst á meðan þing stendur yfir. Þetta er mikilvægt eins og þingstörfin sjálf. Mennt kynnst, heyra sjónarmið annarra víðs vegar af landinu og eiga auðveldara með að starfa saman í hreyfingunni eftir að hafa kynnst og skipst á skoðunum. Þetta hefur verið hinn sívirki og lifandi vettvangur knattspyrnuþinga í 60 ár.

Ég hef nú verið formaður KSÍ um nokkurt árabil og haft af því ómælda ánægju að taka þátt í því gefandi og jákvæða starfi sem felst í því að vera í forystu fyrir heildarsamtök þessarar frábæru íþróttar. Fyrir mér hafa það ætíð verið forréttindi að hafa traust ykkar og trúnað til að gegna þessu þýðingarmikla forystuhlutverki. Ég hef líka verið kallaður til ábyrgðarstarfa, bæði í Evrópuknattspyrnusambandinu og Alþjóðaknattspyrnusambandinu. Það er ekki spurning í mínum huga að mín störf á þeim vettvangi hafa mikla þýðingu fyrir íslenska knattspyrnu og meiri en menn sjá til skamms tíma lítið. En fyrir fótboltafíkil eins og mig eru það algjör forréttindi að fá að starfa í þessu umhverfi fyrir ykkar hönd. Ég hef sama brennandi áhuga á knattspyrnunni og hennar framgangi eins og þegar ég var fyrst kosinn formaður KSÍ. Á meðan ég finn enn þennan kraft - að gera sífellt betur fyrir íslenska knattspyrnu og ég hef fullt traust og stuðning ykkar forystumanna í hreyfingunni hef ég hug á því að starfa áfram sem formaður KSÍ.

Knattspyrnan á Íslandi er langstærsta og sterkasta aflið í íslensku íþróttalífi. Það má með sanni segja að við berum ægishjálms yfir aðrar íþróttagreinar, bæði varðandi vinsældir íþróttarinnar og styrk hreyfingarinnar. Fjárhagsstyrkur KSÍ hefur vaxið á undanförunum árum með markvissum vinnubrögðum. Fyrst og fremst vegna þess að við höfum selt okkar sjónvarpsrétt fram í tímann og fengið mikinn hluta hans fyrirframgreiddan og síðan haft það að markmiði að ávaxta hann á sem hagstæðastan hátt. Þannig hefur hagnaður KSÍ á undanförunum árum myndast, en ekki í fjárstyrkjum frá UEFA og FIFA, eins og oft er haldið fram. Þeir fjármunir renna beint til aðildarféлага okkar og

starfsemi yngri landsliða Íslands. En það er fyrst og síðast mikið aðhald í rekstri og hagstæð ávöxtun á fyrirfram greiddum sjónvarpstekjum sem hefur myndað eigið fé KSÍ, sem nú er að nálgast 200 milljónir. Ég fer ekki leynt með að ég er ánægður með árangur KSÍ á þessu sviði. KSÍ á að hluta til að reka eins og hvert annað fyrirtæki þó að auðvitað megi ekki missa sjónar á að um félagsstarfsemi er að ræða. Þetta hefur verið stefnan á umliðnum árum. En aðhald og sterk fjármálastjórnun er grunnur að styrk KSÍ til framtíðar. Með þennan bakgrunn er auðveldara að setja markið hátt á íþróttasviðinu. Velgegni KSÍ á fjárhagssviðinu virðist hafa skapað okkur öfund og baktal víða í íþróttahreyfingunni. Ljóst er að KSÍ nýtur engan veginn réttlætis þegar verið er að greiða út sameiginlega peninga íþróttahreyfingarinnar og miða ég þá eingöngu við félagslegan styrk (stærð / fjölda iðkenda) knattspyrnuhreyfingarinnar. Þetta er óréttlæti sem fer mjög fyrir brjóstið á þeim sem hér stendur og er forystu ÍSÍ til vansa. Svo virðist vera að þar sé farið með sameiginlega fjármuni íþróttahreyfingarinnar sem útspil í íþróttapólitík frekar en að jafnréttis og jafnræðissjónarmið ráði þar ríkjum. En það á ekki að hegna eða refsa KSÍ fyrir góðan rekstur á meðan að skussarnir í íþróttahreyfingunni eru verðlaunaðir. Gegn þessu óréttlæti mun ég berjast bæði í ræðu og riti og í einkasamtölum við forystumenn íþróttahreyfingarinnar. Svona framkoma er óásættanleg.

Ýmis stórmál sem varða framgang knattspyrnunnar á Íslandi voru í brennidepli hjá KSÍ á liðnu ári. Í desember síðastliðnum var undirritaður samningur við verktakafyrirtækið Ístak um uppbyggingu Laugardalsveikvangs. Á sama tíma var undirritaður samningur við menntamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands um 200 milljóna króna framlag í framkvæmdina. Í september 2005 var undirritaður samningur við Reykjavíkurborg um þessa uppbyggingu og rekstur Laugardalsvallar til ársins 2025. Í stuttu máli felast framkvæmdirnar í því að eldri stúka Laugardalsvallar er stækkuð til norðurs og suðurs og einnig bætt við sætum fyrir framan eldri stúkuna. Þá verður byggt nýtt hús á bak við gömlu stúkuna, alls um 3000 m². Á jarðhæð hússins verður móttaka áhorfenda og ýmis veitingaaðstaða. Skrifstofa KSÍ verður á 2. hæð og á 3. hæð verður funda- og fræðslumiðstöð sem einnig nýtist sem móttaka fyrir gesti á stærri leikjum. KSÍ hefur aflað hárra styrkja frá UEFA og FIFA í þessa framkvæmd sem var í raun forsenda þess að fjármunir fengust í þetta verkefni frá ríkisvaldinu og Reykjavíkurborg. Endurbyggður Laugardalsvöllur mun rúma 10.000 áhorfendur í sæti eftir breytingar. Aðkoman á völinn verður beint frá aðalbílastæðinu og öll aðstaða til móttöku gesta breytist til betri vegar og gerir okkur kleift að fá meiri tekjur af sölu miða til fyrirtækja og gesta þeirra. Nýju stúkurnar eiga að vera tilbúnar til notkunar um miðjan ágúst og öllum framkvæmdum á að vera lokið fyrir 1. desember 2006. Langþráð takmark er í höfn. - Nýr Laugardalsleikvangur sem uppfyllir kröfur nútímans og stenst samanburð við aðra nútímaleikvanga verður byggður á þessu ári. Um leið og því takmarki er náð verður nýtt markmið sett – sem er að í næsta áfanga munum við loka hringnum með stúkum fyrir báða enda Laugardalsvallar. Ég set stefnuna á að því verði lokið árið 2010. En ég vil þakka öllum þeim sem hafa hjálpað Knattspyrnusambandi Íslands að gera þennan draum að veruleika og koma málinu farsælega í gegnum hinn pólitíska ólgusjó hjá ríki og borg.

Á árinu var haldið áfram með sparkvallaátak KSÍ sem hófst árið 2004. Nú er búið að reisa 64 sparkvelli vítt og breitt um Ísland. Næstum allir hafa verið staðsettir við skóla þannig að nálægðin við æskuna sé sem mest. Þetta verkefni er stærsta og vinsælasta útbreiðsluáttak sem Knattspyrnusambandið hefur staðið fyrir fyrr og síðar. Það hefur vakið mikla ánægju hjá sveitarstjórnarmönnum og foreldrum að sjá sparkvöllina rísa hringinn í kringum Ísland. Og nýtingin er frábær, víða er verið að spila fótbolta frá því snemma á morgnanna fram á rauða nótt. Þetta verkefni byrjaði með rausnarlegu framlagi á 50 ára afmæli UEFA og KSÍ gerði verkefnið síðan að stórátaki með því að fá samstarfsaðila til liðs við sig, auk rausnarlegs framlags frá fjárlaganefnd og ríkisvaldinu. Leitað var til fjárlaganefndar til að fá framlag fyrir árin 2006 og 2007 til að halda átakinu áfram. Skemmst er frá því að segja að KSÍ hefur fengið 25 milljóna króna framlag frá Alþingi fyrir árið 2006 og vonast er til þess að sama framlag fáið fyrir árið 2007. Nú er stefnan sett á að hafa lokið 100 sparkvöllum fyrir lok árs 2007, á 60 ára afmæli KSÍ. Það yrði hreint ótrúlegt ævintýri ef það tækist og með því teljum við að þörfinni sé fullnægt í bili. Jákvæðara framtak en þetta er erfitt að sjá fyrir og

hefur það styrkt mjög jákvæða ímynd KSÍ um allt land. Það hefur vakið mikla athygli bæði á Norðurlöndum og víða í Evrópu hve vel KSÍ hefur tekist til með þetta sparkvallaverkefni og gera það að stóratáki í útbreiðslu, og hef ég víða á ferðum mínum verið spurður í þaula um uppbyggingu þessa átaks á Íslandi.

Í nokkur ár hefur verið nokkuð fjörleg umræða innan hreyfingarinnar um fjölgun liða í Landsbankadeild karla og nú síðustu 2 árin um fjölgun í 1. deild karla úr 10 liðum í 12. Um þetta mál hefur verið fjallað á þingum, skipaðar millipinganefndir sem skilað hafa álitum og nú síðast var skipuð millipinganefnd af ársþingi 2005 sem falið var að – *“móta framtíðarstefnu í gerð og hönnun leikvalla á Íslandi þannig að lengja megi keppnistímabilið og hefja það fyrr á vorin”*. Í tengslum við starf þessarar nefndar hefur mannvirkjanefnd KSÍ sent frá sér merkan bækling sem ber nafnið *Keppnisvellir í knattspyrnu og uppbygging þeirra á Íslandi*. Að mínu mati er hér um að ræða mjög vel unninn bækling sem dregur fram í dagsljósið á skipulagðan hátt ýmis grundvallaratriði í umræðunni um fjölgun liða í deildum. Farið verður mjög nákvæmlega yfir þennan bækling hér á ársþinginu og lagðar fram helstu niðurstöður. Í framhaldi af þeirri miklu vinnu sem þegar hefur átt sér stað varðandi mögulega fjölgun í deildinni og tilkomu þessa bæklingis er tímabært að ná áttum og móta framtíðarstefnu í þessum málum. Það er ljóst að það verður aldrei gert nema horft sé um leið á núverandi deildarskipulag og athugað hvort tímabært sé að gera breytingar á því. Það er líka ljóst í mínum huga að um leið og sú framtíðarsýn verður mótuð, þarf um leið að kynna að félögunum í þeirri deild (eða deildum) þar sem fjölgun ætti sér stað yrði settur ákveðinn tímarammi til að leikvangar þeirra fullnægi skilyrðum sem sett yrðu sem forsenda fjölgunar í þeirri deild eða þeim deildum. Það er því mín tillaga til þessa 60. ársþings KSÍ að í tilefni af 60 ára afmæli KSÍ á næsta ári verði stjórn KSÍ falið að koma með heildartillögum í þessum efnum bæði hvað varðar framtíðarskipulag deildarkeppninnar, fjölgun liða og kröfur til mannvirkja í því sambandi. Eðlilegt er að fyrstu tillögum yrði lagðar fyrir formannafund í haust og síðan fullmótaðar tillögum fyrir ársþing á 60. ára afmæli KSÍ árið 2007. Þær tillögur á þessu ársþingi sem snerta þessi mál legg ég því til að þingheimur feli stjórn KSÍ til umfjöllunar í því starfi sem felst í að móta framtíðartillögum sem lagðar yrðu fram á ársþingi 2007. Það væri við hæfi og virðing við 60 ára afmælisbarnið að yngja það hressilega upp með nýju endurbættu framtíðarskipulagi deildarkeppninnar.

Á undanförunum árum hefur orðið bylting í æfingaaðstöðu knattspyrnufólks með uppbyggingu knattspyrnuhúsa og gervigrasvalla. Sú uppbygging heldur nú áfram af fullum krafti og hafin er bygging knattspyrnuhúsa á Akranesi og í Fjarðarbyggð. Horfur eru á að fleiri knattspyrnuhús rísi, meðal annars í Grindavík, á Selfossi, í Vestmannaeyjum og í Garðabæ. Í Kópavogi mun rísa glæsileg knattspyrnuhöll með sætum fyrir allt að 3.000 áhorfendur sem skapar nýja möguleika á landsleikjum innanhúss í framtíðinni. Nú opnast möguleiki á að halda svokallaðar mini-túrneringar (riðlakeppni) yngri landsliða í Evrópukeppnum hér á landi, innanhúss, en nauðsynlegt er að hafa tvær stórar knattspyrnuhallir til umræða því lokaleikirnir þurfa alltaf að fara fram á sama tíma.

Ferðasjóður íþróttafélaga. Þetta brýna hagsmunafélag margra félaga á landsbyggðinni hefur sofið værum svefni á Alþingi Íslendinga um nokkurn tíma. Ég veit að margir þingfulltrúar utan af landi hafa beðið lengi eftir því að tillagan um Ferðasjóð íþróttafélaga verði afgreidd af Alþingi. Ég hafði samband við varaformann Menntamálanefndar Alþingis, Hjálmar Árnason, og mikinn áhugamann um framgöngu þessa máls og spurði hann hvar það stæði nú. Hann tjáði mér að nú virðist hafa náðst samstaða um að þingið afgreiddi málið til ráðherra á vorþingi. Ef það gengur eftir ætti að vera raunhæft að búast við því að fyrstu fjármunir úr Ferðasjóði íþróttafélaga verði afgreiddir um næstu áramót. Þetta er stórmál sem má ekki tefjast lengur í kerfinu.

Árangur A-liðs karla í undankeppni Heimsmeistarakeppninnar var undir væntingum og þess valdandi að við féllum niður um styrkleikaflokk og vorum í neðsta sæti í 5. styrkleikaflokki þegar dregið var í EM 2008. Landsliðið sýndi þó talsverðar framfarir á seinni hluta þessa árs og ýmsir nýir leikmenn eru

að koma inn í fastan kjarna landsliðshópsins sem vænta má mikils af í framtíðinni. Samningar landsliðsþjálfaranna Ásgeirs Sigurvinssonar og aðstoðarmanns hans Loga Ólafssonar náðu til loka riðlakeppni HM í október í haust. Það var síðan samhljóða niðurstaða stjórnar KSÍ að ganga ekki að nýju til samninga við þá. Nýr landsliðsþjálfari sem ráðinn var til tveggja ára er Eyjólfur Sverrisson, sem hefur þjálfað U21 landslið karla með góðum árangri um tveggja ára skeið. Eyjólfur á að baki glæsilegan atvinnumannaferil, var fyrirlíði íslenska landsliðsins og hefur nú aflað sér hæstu þjálfunarmenntunar í Þýskalandi. Hans bíður erfitt verkefni því miklar kröfur eru ætíð gerðar til íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, oft meiri kröfur en raunhæft er að standa undir. En ljóst er að kröfur sem gerðar eru nú um árangur í nýrri riðlakeppni fyrir EM 2008 eru að hækka aftur um styrkleikaflokk og ná því sæti sem við höfðum áður.

Dregið var í riðla fyrir EM 2008 þann 27. janúar í Sviss. Það er óhætt að segja að við höfum lent í óskariðli. Mótherjar okkar eru Svíþjóð, Spánn, Danmörk, Lettland, Norður-Írland og Liechtenstein. Þetta er óska riðill bæði hvað varðar ferðalög og eins aðsókn því í riðlinum eru lið sem munu fylla nýjan Laugardalsvöll og sýna fram á nauðsynlegt var að stækka og endurnýja þetta mannvirki. Ennfremur eru Spánverjar ein af stóru þjóðunum í sambandi við verðmæti í sjónvarpsrétti (hin eru Þýskaland, England, Frakkland og Ítalía). Það er mjög mikilvægt að fá eina af stóru þjóðunum til að standa sterkt að vígi þegar kemur að næstu sjónvarpsamningum.

Við fengum líka í óskadrátt í U21 keppni karla þar sem spilum í undankeppni EM við Andorra heima og heiman. Það er skilyrðislaus krafa til okkar liðs að vinna Andorra undir stjórn nýs þjálfara, Luka Kostic. Ef það tekst eru andstæðingar okkar í riðlinum Ítalía og Austurríki, en ljóst er að margir þekktir leikmenn leika með ítalska U21 árs liðinu.

A lið kvenna byrjaði frábærlega í sínum riðli fyrir HM 2006, vann góðan sigur á Hvíta-Rússlandi og gerði síðan glæsilegt jafntefli í Svíþjóð. Í lokaleiknum á árinu tapaði liðið svo þýðingarmiklum leik á móti Tékklandi ytra. Það verður að teljast talsvert bakslag að ná ekki stigi úr þeim leik sem var eiginlega nauðsynlegt til að taka þátt í toppbaráttunni. En öll nótt er þó ekki úti enn í þessum riðli.

Glæsilegur árangur Vals í Evrópukeppni félagsliða kvenna vakti verðskuldaða athygli bæði hér heima og erlendis og sýndi svo ekki verður um villst þær miklu framfarir sem eru að eiga sér stað í íslenski kvennaknattspyrnu.

Hvað varðar mótahald á vegum KSÍ er ánægjulegt að sjá að aldrei hafa fleiri lið tekið þátt í mótum á vegum sambandsins og hafa leikir aldrei verið fleiri. Þetta er raunar enn ein staðfestingin á öfluglu starfi knattspyrnufélaganna um allt land.

Ég óska öllum til hamingju sem unnu góða sigra á liðnu keppnistímabili. FH sem varð Íslandsmeistari í Landsbankadeild karla með miklum yfirburðum. Breiðablik varð Íslandsmeistari í Landsbankadeild kvenna. VISA-bikarmeistari karla er Valur og VISA-bikarmeistarar kvenna er Breiðablik sem vann tvöfalt í ár, þ.e. bæði í deild og bikar, sérlega glæsilegur árangur. Öllum sem urðu Íslandsmeistarar eða unnu sig upp um deild óska ég til hamingju.

Stór áfangi náðist á árinu í öflugri uppbyggingu á fræðslukerfi KSÍ. KSÍ A-þjálfaragráða fékk vottun UEFA (Knattspyrnusambands Evrópu) sem UEFA A-gráða. Þessi viðurkenning fékkst mjög fljótt og sýnir í raun hversu sterkt fræðslukerfi KSÍ er. Góð menntun þjálfara er og verður grundvöllur framfara í íslenski knattspyrnu.

Liðið ár var að mörgu leyti erfitt rekstrarár. Mikill kostnaður var vegna A landsliðs karla eins og oftast er á seinna ári viðkomandi riðils í EM eða HM, þegar við þurfum að spila marga útileiki. Auk þess voru andstæðingar okkar í riðlinum í HM ekki spennandi þjóðir hvað varðar áhorfendafjölda í

heimaleikjum. En þrátt fyrir kostnaðarlega erfitt ár er útkoman á rekstri sambandsins jákvæð enn eitt árið. Það skapast fyrst og fremst af góðri ávöxtun á fyrirframgreiddum tekjum vegna sjónvarpssamninga og ekki síst vegna mikils aðhalds og sparsemi í öllum rekstri KSÍ. Raunverulegur hagnaður KSÍ eru ca. 27 milljónir króna því ég lít svo á að þær 10.7 milljónir sem greiddar voru út til félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar KSÍ nú í janúar séu raunveruleg arðgreiðsla til ykkar félaganna, eigenda KSÍ. Greiðslan er framkvæmd þegar endurskoðun er komin það vel á veg að sýnilegt er að hagnaður sambandsins er það góður að hægt er að greiða þennan arð. Þetta er nú 5. árið í röð sem þessar arðgreiðslur eiga sér stað og hafa þær enn hækkað, sem sýnir að sú ákvörðun að verðlauna félög með peningagreiðslum fyrir að taka bæði þátt í kvenna og karlamótum í unglingsaflokkum í mótum á vegum KSÍ hefur haft hvatningu í för með sér. En að loknu síðasta starfsári KSÍ er eigið fé sambandsins að nálgast 200 milljónir. Það er í mínum huga alveg ljóst að sú staðreynd að tekist hefur að fá alla aðila að uppbyggingu Laugardalsvallar, það er ríki og borg, UEFA og FIFA, byggist fyrst og fremst á góðum árangri í rekstri KSÍ á undanförunum árum. Allir þessir aðilar treysta KSÍ 100% til að verja þeim fjármunum sem þeir leggja í mannvirkið á sem bestan hátt. KSÍ er í dag hátt metið innanlands og utan sem vel rekið knattspyrnusamband. Í UEFA er lítið til okkar sem fyrirmyndar fyrir vel rekið lítið knattspyrnusamband.

Ég þakka stjórnarmönnum mínum í KSÍ mikil og góð störf á liðnu ári. Eins öllum þeim fjölda fólks sem tengist starfi okkar í gegnum nefndir og hin fjölmörgu landslið Íslands. Sérstakar þakkir líka til allra okkar frábæru starfsmanna sem eru hjartað og sálin í starfssemi okkar. Það verður bylting fyrir framkvæmdastjóra og starfsmenn hans í lok þessa árs þegar ný vinnuaðstaða verður tilbúin og ný og glæsileg aðstaða skapast. Að lokum við ég þakka ykkur forystumönnum íslenskrar knattspyrnu fyrir heilladrjúg og mikilvæg störf í þágu hreyfingarinnar á liðnu starfsári. Án ykkar mikla starfs og ósérhlífni væri knattspyrnan á Íslandi ekki í því ótvíræða forystuhlutverki sem hún er í íslensku íþróttalífi. Ég sagði hér í upphafi ræðu minnar að ársþing KSÍ hefðu lengi haft á sér orð fyrir að þar mættu vígreifir forystumenn með mjög ákveðnar skoðanir. Ég hef starfað lengi í þessari góðu hreyfingu og svo lengi sem ég man eftir knattspyrnuþingum hafa menn þar verið hreinskilnir í umræðu, tekist á um málefni og skilið sáttir að leikslokum. Hér eru rædd stefnumál hreyfingarinnar, framtíð með hliðsjón af fortíð. Ég skora á ykkur öll að hugsa fyrst og síðast um hag heildarinnar og láta ekki dægurþras og einkahagsmunapot stýra gerðum ykkar. Það á að vera stormasamt á ársþingum, það á að vera líf og kraftur í hreyfingunni, í mínum huga eru átök alltaf undanfari framfara. Tökumst nú saman á við þau málefni og þau störf sem bíða úrlausna, knattspyrnuhreyfingunni til framdráttar.

Ég segi sextugasta ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson, formaður, ÍBR
Rúnar Arnarson, ÍRB
Vignir Þormóðsson, ÍBA

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Viðurkenningar

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, veitti Guðmundi Hilmarssyni Knattspyrnupenna KSÍ fyrir árið 2005. Eggert þakkaði honum fyrir gott framlag í þágu knattspyrnunnar á Íslandi.

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, veitti Hilmar Björnssyni sjónvarpsstjóra Sýnar sérstaka viðurkenningu fyrir vandaðar útsendingar frá íslenskri knattspyrnu.

Ávörp gesta

Eftirtaldir tóku til máls og fluttu kveðjur til KSÍ:

- Per Ravn Omdal, varaforseti UEFA, en hann var sérstakur fulltrúi UEFA á þinginu.
- Sigríður Jónsdóttir, varaformaður Íþróttá-og Ólympíusambands Íslands.
- Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.

Álit kjörbréfanefndar

Steinn Halldórsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSB (1): Hafsteinn Gunnarsson

Frá HSH (3): Jónas Gestur Jónasson, Hilmar Hauksson og Aðalsteinn Snæbjörnsson.

Frá HSK (5): Hermann Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir, Sveinn Jónsson, Guðmundur K. Sigurdórsson og Örn Guðmundsson.

Frá HSV (1): Gunnar Torfason.

Frá HSP (1): Sigurgeir Stefánsson.

Frá ÍA (3): Eiríkur Guðmundsson, Jóhannes Guðjónsson og Guðlaugur Gunnarsson.

Frá ÍBA (6): Gunnar Gunnarsson, Magnús Sigurólason, Vignir Már Þormóðsson, Unnsteinn Jónsson, Halldór Áskelsson og Valdimar Pálsson.

Frá ÍBH (8): Pétur Ó. Stephensen, Lúðvík Arnarson, Viðar Halldórsson, Jón Rúnar Halldórsson, Steinar Stephensen, Páll B. Guðmundsson, Ágúst Sindri Karlsson og Jóhann Örn Kristinsson.

Frá ÍRB (6): Rúnar V. Arnarson, Oddur Sæmundsson, Hjörleifur Stefánsson, Ásmundur Friðriksson, Leifur Gunnlaugsson og Þórður Karlsson.

Frá ÍBR (32): Þórir Örn Árnason, Geir Sæmundsson, Hörður Antonsson, Jóhann S. Kjartansson, Magnús Ingimundarson, Jónas Kristinsson, Örn Hafsteinsson, Jónas Sigurðsson, E. Börkur Edvardsson, Örn Guðmundsson, Pétur Stefánsson, Björn Guðbjörnsson, Óðinn Þórarinnsson, Agnar Agnarsson, Kjartan Hjaltsted, Eiríkur Þ. Einarsson, Heimir Guðmundsson, Þróstur Grétarsson, Kári Arnórsson, Brynjar Jóhannesson, Finnbjörn Agnarsson, Guðbjartur Ellert Jónsson, Þórður Einarsson, Róbert Arnþórsson, Arnar Einarsson, Ragnar Emilsson, Þorvaldur Ingimundarson, Sigurður Sveinbjörnsson, Steinn Einarsson, Árni Þórðarson, Said Lakhlifi og Steinn Halldórsson.

Frá ÍBS (2): Þórir Hákonarson og Sveinn Aðalbjörnsson.

Frá ÍBV (5): Oddný Friðriksdóttir, Viðar Elíasson, Sveinn B. Sveinsson, Gísli Hjartarson og Hjalti Kristjánsson.

Frá ÍS (7): Jónas Þórhallsson, Ingvar Guðjónsson, Sigurður Gunnarsson, Jón Gíslason, Atli Þór Karlsson, Sigursveinn B. Jónsson og Einar Jón Pálsson.

Frá UÍA (5): Stefán Ólafur Sigurðsson, Brynjar Skúlason, Guðmundur Ingvason, Höskuldur Björgúlfsson og Eysteinn Ingólfsson.

Frá UÍÓ (1): Þorsteinn Sigursveinsson.

Frá UMSE (2): Emil Einarsson og Tryggvi Guðmundsson.

Frá UMSK (13): Steini Þorvaldsson, Árni Bragason, Ólafur Björnsson, Einar Ingvarsson, Eysteinn Haraldsson, Jóhann Jónsson, Valdimar Leó Friðriksson, Halldór Valdimarsson, Sigvaldi Einarsson, Andrea Gísladóttir, Snorri Gissurarson, Ólafur Ólafsson og Jón Sigurðsson.

Frá USÚ (2): Gísli Örn Reynisson og Árni Rúnar Þorvaldsson.

Enginn mætti frá HHF, HSS, UDN, UMSB, UMSS, UNÞ, USAH, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar (103) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Geir Þorsteinsson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Skýrslan hafði verið send aðildarfélögum viku fyrir þing og taldi Geir ekki ástæðu til að fara yfir einstaka liði skýrslunnar en óskaði eftir spurningum ef einhverjar væru.

Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

Eftirtaldir tóku til máls undir þessum dagskrárlið:

- Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og hrósaði sambandinu fyrir góða reikninga og spurði um markmið með sjóðum sambandsins. Hann ræddi um greiðslur til sérsambanda og að ekki væri hægt að útiloka KSÍ frá greiðslum til þeirra. Beita þarf Alþingismenn þrýstingi til að koma ferðasjóði íþróttafélaga í gegn á þessu þingi. Valdimar ræddi um að kaup fyrirtækja á íþróttasvæðum væri ógn við íþróttafélögin. Að lokum ræddi hann um hvort væri vænlegra, rekstrarstyrkir til félaga eða niðurgreidd æfingagjöld og að átak í dómaramálum væri nauðsynlegt.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 19

Tillögur á þingskjölum 6 til 19 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6

- Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2006

	Skýr.	Áætlun 2006	Raun 2005	Áætlun 2005
Rekstrartekjur				
Styrkir og framlög	1	169.045.000	128.306.593	134.235.000
Tekjur af landsleikjum		32.600.000	22.262.527	18.000.000
Sjónvarpsréttur		83.924.250	91.397.500	91.397.500
Aðrar rekstrartekjur		20.950.000	24.135.042	18.750.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		51.765.000	46.409.223	47.325.000
Rekstrargjöld				
Kostnaður við landslið	2	(143.734.500)	(129.152.931)	(132.621.050)
Mótakostnaður		(39.250.000)	(34.939.558)	(32.744.000)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	(107.287.000)	(103.074.369)	(90.135.000)
Annar rekstrarkostnaður	4	(14.200.000)	(9.183.476)	(11.035.000)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		(30.760.000)	(31.234.106)	(29.000.000)
Afskriftir		(24.000.000)	(24.275.692)	(24.275.692)
(Tap) Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld		(3.947.250)	(19.349.247)	(10.103.242)
Aðrar tekjur og gjöld				
Styrkir vegna sparkvallaverkefnis		36.000.000	87.335.532	90.000.000
Framkvæmdakostnaður vegna sparkv.		(36.000.000)	(87.335.532)	(90.000.000)
Útgreiðsla til aðildarfélaga		(21.000.000)	(11.983.902)	(21.000.000)
Fjármunatekjur		30.000.000	62.395.876	38.000.000
Fjármagnsgjöld		(3.000.000)	(4.025.450)	(2.800.000)
Hagnaður ársins		5.052.750	27.037.277	4.096.758
Greiðslur af hagnaði til aðildarfélaga			(10.712.500)	
Afkoma ársins			16.324.777	

	Áætlun 2006	Raun 2005	Áætlun 2005
1. Styrkir og framlög			
ÍSí	15.345.000	16.103.585	15.635.000
Getraunir	3.500.000	3.798.035	3.500.000
Norræni Menningarmálasjóðurinn	1.200.000	785.428	1.100.000
UEFA styrkir	70.000.000	55.947.944	62.500.000
FIFA styrkur	16.000.000	15.803.002	15.500.000
Ýmsir styrkir	63.000.000	35.868.599	36.000.000
	169.045.000	128.306.593	134.235.000
2. Kostnaður við landslið			
A-landslið karla	70.986.000	62.867.830	58.958.600
U-21 landslið karla	13.080.000	14.013.519	17.362.000
U-19 landslið karla	8.395.000	9.082.447	6.708.000
U-17 landslið drengja	9.375.000	10.765.649	12.372.000
A-landslið kvenna	14.188.000	10.032.444	12.100.000
U-21 landslið kvenna	4.320.000	2.872.842	4.487.250
U-19 landslið kvenna	6.566.000	4.281.610	4.065.700
U-17 landslið stúlkna	4.657.000	4.133.553	5.195.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	12.167.500	11.103.037	11.372.500
	143.734.500	129.152.931	132.621.050
3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	69.852.000	64.384.022	58.285.000
Skrifstofu- og nefndakostnaður	37.435.000	38.690.347	31.850.000
	107.287.000	103.074.369	90.135.000
4. Annar rekstrarkostnaður			
Fræðslukostnaður	8.000.000	5.467.268	7.000.000
Þátttökuleyfi (licence)	5.000.000	3.476.600	4.000.000
Ýmis kostnaður	1.200.000	239.608	35.000
	14.200.000	9.183.476	11.035.000

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7

- Framsögu hafði Ásmundur Friðriksson.

Tillaga til ályktunar - Fjölgun í liðsstjórn í meistaraflokki -

Ársþing KSÍ samþykkir að í leikjum í meistaraflokki í mótum á vegum KSÍ verði heimilt að hafa allt að 7 manns í liðsstjórn. Stjórn KSÍ skal gera nauðsynlegar breytingar á reglugerðum.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur öll umgjörð meistaraflokka karla og kvenna aukist til muna. Á það ekki síst við um starfsmenn liðsins. Auk þjálfara hafa öll lið aðstoðarþjálfara, markmannsþjálfara, sjúkrapjálfara auk þess 1 – 2 starfsmenn sem sjá um búninga, vatn og annað tilfallandi sem fylgir

einum meistaraflokksleik. Það er vandræðalegt þegar starfsmenn liðs sem vinna við allar æfingar og eyða oft meiri tíma en leikmenn í undirbúning og leiki liðsins geti þegar mest á reynir ekki sinnt störfum sínum sem þeir alla jafnan gera með liðinu. Í nútímaknattspyrnu eru sífellt auknar kröfur um aðbúnað þeirra liða sem leika undir Leyfiskerfi KSÍ fjölgun starfsmann liðanna er einn þátturinn í því að mæta þeim kröfum og verðum við að mæta því með því að reglugerðir knattspyrnunnar taki mið af þeim kröfum.

Knattspyrnudeild Keflavíkur

Þingforseti lagði til að tillagan kæmi til umræðu og afgreiðslu með tillögunni á þingskjali 8 og var það samþykkt – tillagan var að lokum dregin til baka.

Þingskjal 8

- Framsögu hafði Viðar Halldórsson og lagði hann fram nýtt þingskjal, 8b, sem var lagfæring á þingskjali 8.

Þingskjal 8

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Fjöldi varamanna og í liðsstjórn -

2. gr. (keppnisreglur) 3. liður (leikskýrsla) 2. málsgrein hljóðar svo:

“Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5, og skal númer hvers og eins tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðstjórnar, allt að 5 manna. Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðstjórnar, sbr. þó 4. grein.”

En hljóði svo (breytingar feitletraðar):

“Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5. **Í Landsbankadeild karla, Bikarkeppni KSÍ aðalkeppni og Meistarakeppni KSÍ, karla, mega varamenn ekki vera fleiri en 7. Númer hvers og eins skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðstjórnar, **allt að 7 manna.** Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðstjórnar, sbr. þó 4. grein.”**

Til samræmis er lagt til að fyrsta setningin í grein 3.2 í Reglur fyrir knattspyrnuvelli á Íslandi breytist og hljóði svo (breyting feitletruð):

3.2 Varamannaskýli

Á völlum í flokkum A og B skulu varamannaskýli fyrir hvort lið rúma a.m.k. **14 manns**, en í flokki C a. m. k. 10 manns, með 50 cm bekkplássu á mann (varamenn og starfsmenn liðs). Þau skulu aldrei vera nær hvort öðru en 5 m, en þar sem því verður við komið skal miða við að þau séu ekki nær hvort öðru en 10 m og að þau séu a.m.k. 5 m frá miðlinu (ávallt skal miða við slíkt við nýbyggingu og breytingar). Þau skulu jafnframt staðsett innan öryggissvæðis leikvallar, þó ekki nær honum en 4 m. Tryggt skal með girðingu, gæslu eða á annan hátt að varamenn og liðsstjórn verði ekki fyrir ónæði eða aðkasti áhorfenda. Fyrir Evrópuleiki verða minnst 13 að geta setið í skýlinu.

Knattspyrnudeild FH

Þingskjal 8b

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Fjöldi varamanna og í liðsstjórn -

2. gr. (keppnisreglur) 3. liður (leikskýrsla) 2. málsgrein hljóðar svo:

“Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5, og skal númer hvers og eins tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðstjórnar, allt að 5 manna. Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðstjórnar, sbr. þó 4. grein.”

En hljóði svo (breytingar feitletraðar):

“Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5. Númer hvers og eins skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðstjórnar, allt að 5 manna. **Í Landsbankadeild karla, Bikarkeppni KSÍ aðalkeppni og Meistarakeppni KSÍ, karla, mega varamenn ekki vera fleiri en 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn.** Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðstjórnar, sbr. þó 4. grein.”

Til samræmis er lagt til að fyrsta setningin í grein 3.2 í Reglur fyrir knattspyrnuvelli á Íslandi breytist og hljóði svo (breyting feitletruð):

3.2 Varamannaskýli

Á völlum í flokkum A og B skulu varamannaskýli fyrir hvort lið rúma a.m.k. **14 manns**, en í flokki C a. m. k. 10 manns, með 50 cm bekkplássu á mann (varamenn og starfsmenn liðs). Þau skulu aldrei vera nær hvort öðru en 5 m, en þar sem því verður við komið skal miða við að þau séu ekki nær hvort öðru en 10 m og að þau séu a.m.k. 5 m frá miðlínu (ávallt skal miða við slíkt við nýbyggingu og breytingar). Þau skulu jafnframt staðsett innan öryggissvæðis leikvallar, þó ekki nær honum en 4 m. Tryggt skal með girðingu, gæslu eða á annan hátt að varamenn og liðsstjórn verði ekki fyrir ónæði eða aðkasti áhorfenda. Fyrir Evrópuleiki verða minnst 13 að geta setið í skýlinu.

Knattspyrnudeild FH

- Árni Bragason, tók til máls og lagði fram þá tillögu að tillagan ætti einnig við Landsbankadeild kvenna og bikarkeppni kvenna:

Þingskjal 8c

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Fjöldi varamanna og í liðsstjórn -

2. gr. (keppnisreglur) 3. liður (leikskýrsla) 2. málsgrein hljóðar svo:

“Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5, og skal númer hvers og eins tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðstjórnar, allt að 5 manna. Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðstjórnar, sbr. þó 4. grein.”

En hljóði svo (breytingar feitletraðar):

“Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik auk varamanna, sem mega ekki vera fleiri en 5. Númer hvers og eins skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Einnig skal skrá á skýrsluna nöfn liðsstjórnar, allt að 5 manna. **Í Landsbankadeild, Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og Meistarakeppni KSÍ, mega varamenn ekki vera fleiri en 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn.** Á leikskýrslu skal tilgreina kennitölu leikmanna og liðsstjórnar, sbr. þó 4. grein.”

Til samræmis er lagt til að fyrsta setningin í grein 3.2 í Reglur fyrir knattspyrnuvelli á Íslandi breytist og hljóði svo (breyting feitletruð):**3.2 Varamannaskýli**

Á völlum í flokkum A og B skulu varamannaskýli fyrir hvort lið rúma a.m.k. **14 manns**, en í flokki C a. m. k. 10 manns, með 50 cm bekkplássi á mann (varamenn og starfsmenn liðs). Þau skulu aldrei vera nær hvort öðru en 5 m, en þar sem því verður við komið skal miða við að þau séu ekki nær hvort öðru en 10 m og að þau séu a.m.k. 5 m frá miðlínu (ávallt skal miða við slíkt við nýbyggingu og breytingar). Þau skulu jafnframt staðsett innan öryggissvæðis leikvallar, þó ekki nær honum en 4 m. Tryggt skal með girðingu, gæslu eða á annan hátt að varamenn og liðsstjórn verði ekki fyrir ónæði eða aðkasti áhorfenda. Fyrir Evrópuleiki verða minnst 13 að geta setið í skýlinu.

Knattspyrnudeild Breiðabliks

- Viðar Halldórsson tók til máls og svaraði Árna og taldi að það væri ekki tímabært að tillagan næði yfir Landsbankadeild kvenna.
- Lúðvík S. Georgsson tók til máls og vakti athygli á því að fjölgun varamanna kallaði á stærri varamannabekki og þar með meiri kostnað.
- Viðar Halldórsson taldi það ekki vera óyfistíganlegt að fjölga um nokkur sæti í varamannaskýlunum.
- Lúðvík tók aftur til máls og benti á að í Landsbankadeild kvenna er einungis krafist vallarflokks C.
- Viðar Elíasson tók til máls og var ósammála tillögum.
- Steini Þorvaldsson tók til máls og taldi að þetta ætti líka að taka upp í Landsbankadeild kvenna.
- Viðar Halldórsson tók til máls og fór betur yfir málið.

Fleiri tóku ekki til máls.

Þingforseti tók til afgreiðslu tillöguna á þingskjali 8c og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

Keflavík dró tillögu sína á þingskjali 7 til baka.

Þingskjal 9

- Framsögu höfðu Geir Þorsteinsson og Lúðvík S. Georgsson.

**Niðurstöður millipinganevndar um framtíðarstefnu
í gerð og hönnun leikvalla á Íslandi**

Nefndin leggur til að rit mannvirkjanefndar KSÍ, Keppnisvellir í knattspyrnu og uppbygging þeirra á Íslandi, sem gefið var út í desember 2005 verði lagt til grundvallar uppbyggingu nýrra valla og endurbóta á núverandi leikvöllum.

Lengja má keppnistímabilið á Íslandi og hefja það fyrir að vori á með því að gera auknar og nýjar kröfur um gerð og hönnun leikvalla.

Tvær leiðir eru færar til að ná fram því markmiði að hefja keppni í byrjun maí á íslenskum leikvöngum.

1) Leikvöllur lagður fyrsta flokks gervigrasi (nú af 3ju kynslóð) sem fær flokkun sem FIFA 2* völlum er góður kostur. Vönduð undirbygging er vitanlega nauðsynleg en hitakerfi ekki. Þessi lausn býður upp á þann kost að keppnistímabilið getur byrjað mun fyrir en nú er gert (eða þegar verður leyfir).

2) Grasvöllur byggður eftir bestu þekkingu með fyrsta flokks tæknikerfum, þ. e. innbyggt hita- og vökvunarkerfi ásamt yfirbreiðslu, er einnig góður kostur. Hluti af tæknikerfi getur verið styrking með ísaumuðu gervigrasi sem bætir nýtingu vallarins. Þessi lausn býður upp á lengingu keppnistímabils að vori um a. m. k. 2 vikur þannig að það geti byrjað um mánaðamótin apríl maí.

Gervigras er hagkvæmari lausn m. t. t. veðurfars á Íslandi og möguleika á meiri nýtingu yfir fleiri mánuði. Gervigraslausnin verður því hagkvæmari því lengra sem keppnistímabilið verður. Hins vegar kjósa keppendur í knattspyrnu enn góða grasvelli fram yfir gervigras og af veðurfarsástæðum verður meginhluti íslenskrar knattspyrnu áfram leikin frá vori til hausts. Ef Íslandsmótið hefst í byrjun maí og stendur í 5 mánuði er grasvöllur, sem byggður er skv. ýtrustu kröfum og þeirri þekkingu sem nú er til staðar, áfram góður kostur. Ef Íslandsmótið ætti að hefjast enn fyrir en vandséð að grasvöllur verði fyrir valinu.

Greinargerð:

Á ársþingi KSÍ sem haldið var í Reykjavík 12. febrúar 2005 var eftirfarandi tillaga stjórnar KSÍ samþykkt:

**Tillaga um millipinganevnd
- Gerð og hönnun leikvalla -**

Ársþing KSÍ samþykkir að stjórn KSÍ skipi 5 manna nefnd sem móti framtíðarstefnu í gerð og hönnun leikvalla á Íslandi þannig að lengja megi keppnistímabilið og hefja það fyrir á vorin.

Nefndin skal vega og meta alla þætti sem koma að byggingu leikvallar og skila skýrslu til stjórnar KSÍ í lok nóvember 2005 sem lögð skal fyrir næsta ársþing.

Nefndin skal taka mið af reynslu og þekkingu annarra þjóða í byggingu leikvalla.

Greinargerð:

Stjórn KSÍ ákvað í haust að leggja ekki fram tillögu um fjölgun liða úr 10 í 12 í Landsbankadeild karla á þessu ársþingi og var sú ákvörðun kynnt á formannafundi í nóvember. Þessi ákvörðun var tekin í framhaldi af álitum starfshóps um mótamál sem lagt var fram á ársþingi 2002:

Starfshópur um mótamál komst að þeirri niðurstöðu árið 2002 að ekki væri unnt að fjölga liðum í Landsbankadeild karla án þess að lengja leiktímabilið (hefja það fyrr á vorin). Starfshópurinn taldi hins vegar að fjölgun um 2 lið væri æskilegt markmið til lengri tíma litið og lagði til að stjórn KSÍ ynni áfram að undirbúningi málsins og hefði að markmiði fjölgun í efstu deild sumarið 2006.

Ljóst er, að frá 2002 hafa ekki verið gerðar neinar meiriháttar breytingar á yfirborði leikvalla félaganna og því ekki sköpuð skilyrði fyrir leiki í efstu deild í byrjun maí. Málið hefur einfaldlega ekki fengið forgang enda kom leyfiskerfi til í millitíðinni að kröfu UEFA og aðstaða áhorfenda var sett á oddinn. Takmarkað fjármagn til byggingu vallarmannvirkja er staðreynd og því verður að forgangsraða verkefnum.

Nauðsynlegt er að móta stefnu KSÍ í vallarmálum og kalla til þeirrar vinnu forystufólk og fagfólk í hreyfingunni. Meta þarf hvort ein vallargerð umfram aðra henti íslenskum aðstæðum betur til að byrja megi fyrr á vorin keppni á völlum félaga. Þar koma þættir eins og hitakerfi og gervigras væntanlega mikið við sögu.

Í kjölfarið skipaði stjórn KSÍ eftirtalda í nefndina: Geir Þorsteinsson (formaður), Bjarna Benediktsson, Guðmund Þorbjörnsson, Lúðvík Georgsson og Sævar Pétursson.

Nefndin hélt tvo fundi en strax í upphafi var ákveðið að leita til mannvirkjanefndar KSÍ um gerð faglegrar skýrslu um hönnun og gerð leikvalla m. t. t. íslenskra aðstæðna og lengingar keppnistímabilsins að vori. Þar með tók mannvirkjanefnd yfir veigamesta þátt verksins og í raun að skila samantekt sem nýta mætti til grundvallar uppbyggingu leikvalla og endurbóta.

Í nóvember sl. sendi mannvirkjanefnd frá sér fyrstu drög skýrslu sinnar (Keppnisvellir í knattspyrnu og uppbygging þeirra á Íslandi). Mannvirkjanefnd á hrós skilið fyrir vandað rit sem nú er fullgert og mun án efa nýtast þeim vel sem ákvarðanir taka um gerð og hönnun leikvalla á Íslandi. Í ritinu er fjallað ítarlega um byggingu og viðhald leikvalla og möguleika á nýtingu.

Millipínganefndin leggur til að rit mannvirkjanefndar verði notað til grundvallar uppbyggingu nýrra valla og endurbóta á núverandi leikvöllum. Þá er millipínganefndin sammála um að tvær leiðir séu færar til að hefja megi keppni fyrr að vori á leikvöllum á Íslandi. Báðar leiðir krefjast framkvæmda, endurbóta eða nýbyggingar. Í fyrsta lagi getur gervigrasvöllur af 3ju kynslóð verið kostur og í öðru lagi grasvöllur með fyrsta flokks undirbyggingu og tæknikerfum (innbyggt hitakerfi og vökvunarkerfi, yfirbreiðsla). Í tilfalli grasvallar eru takmarkanir meiri þegar litið er til lengingar að vori en ljóst má vera að fyrsta flokks grasvöllur gerður skv. ofangreindum kröfum ætti að vera tilbúin til notkunar í byrjun maí.

Miklar fjárfestingar eiga sér nú stað í uppbyggingu leikvalla á Íslandi og sér í lagi í aðstöðu áhorfenda. Það er því lykilforsenda að allir heimaleikir félags fari fram á leikvangi þess. Með það í huga og ofangreinda tvo kosti telur nefndin að gervigras sé hagkvæmri lausn m. t. t. lengingar keppnistímabilsins (hvort tveggja að vori og hausti) og möguleika á meiri nýtingu.

Það er hins vegar rétt að benda á að megingtímabil íslenskrar knattspyrnu er yfir sumarmánuði og þá er náttúrulegt gras besti kostur til knattspyrnuíðkunar. Þá er ljóst að leikmenn kjósa að iðka knattspyrnu á

náttúrulegu grasi og það eru gömul sannindi og ný að kjöraðstæður til knattspyrnuleiks eru góður og sléttur grasvöllur.

Knattspyrnugervigras er í stöðugri þróun og þess má vænta að sífellt betri lausnir líti dagsins ljós. Nýlegar rannsóknir sýna að ekki er marktækur munur á tíðni meiðsla á gervigrasi og náttúrulegu grasi. Þó að framfarir hafi orðið miklar er enn svo að yfirbragð leiks á gervigrasi er annað en á náttúrulegu grasi.

Það er niðurstaða mannvirkjanefndar KSÍ að knattspyrnutímabilið verður ekki lengt að vori á leikvöngum félaganna nema gerðar verði verulegar úrbætur á undirbyggingu og yfirborði leikvallanna (sbr. rit mannvirkjanefndar frá des. 2005: Keppnisvellir í knattspyrnu og uppbygging þeirra á Íslandi). Starfshópur um mótamál komst að þeirri niðurstöðu 2002 að ekki væri unnt að fjölga liðum í Landsbankadeild karla án þess að lengja keppnistímabilið (hefja það fyrir á vorin). Þegar þessar niðurstöður eru teknar saman er ljóst að ef ákveðið verður að fjölga liðum þarf að setja nýjar kröfur um gerð leikvalla fyrir keppni í efstu deild og veita eðlilega aðlögun. Nýjar kröfur um að vellir verði fyrir tilbúnir til keppni að vori munu meira eða minna kalla á gagngerar endurbætur íslenskra leikvalla og verða því dýrar. Hugsanlega má gera þessar kröfur í áföngum en strax ætti að gera kröfu um hita- og vökvunarkerfi í grasvöllum sem verða byggðir (eða endurlagðir) og ætlaðir verða til keppni í efstu deild.

Millipinganefndin

- Viðar Halldórsson tók til máls og hrósaði Geir og Lúðvík en taldi að aðalkeppnisvellir okkar ættu ekki að vera gervigras heldur væri styrkt gras vænlegri kostur. Fótboltinn í dag er betri á venjulegu grasi en gervigrasi, en gervigras er hentugt fyrir æfingar.
- Hjalti Kristjánsson tók til máls og hrósaði greinargerðinni. Ræddi sem lækni um gúmmí sem er krabbameinsvaldur og latex sem er ofnæmisvaldandi en þessi efni eru í gervigrasinu. Taldi rétt að íhuga þessi mál og hvort að einhver áhætta tengdist þessu. Hann sagðist ekki hafa kynnt sér þetta sérstaklega en óskaði eftir umræðu um þetta og upplýsingar.
- Árni Bragason tók til máls og þakkaði fyrir góða skýrslu og greinargerð. Hann hefur komið að þessum málaflokki, þ.e. uppbyggingu valla og tók sem dæmi Kópavogsvöll sem er upphitaður og með gervigrasi í markteigunum. Hann telur það vera ódýrari leið. Á Kópavogsvelli var gefist upp á því að nota yfirbreiðslur, sem hann taldi geta verið skaðlegar ef ekki er rétt með farið.
- Hermann Ólafsson tók til máls og þakkaði fyrir frábæra og ómetanlega skýrslu. Á Selfossi er verið að byggja 1-2 velli og skýrslan nýtist mjög vel í þeirri vinnu. Ræddi um undirlag undir gervigrasvelli og þær kröfur sem undirlagið þarf að uppfylla. Hann ræddi einnig um hitalagnirnar og hvort að aðrar leiðir væru færar í því til dæmis söltun. Hitalagnirnar bæta gæði vallanna, án hitans eru þeir mjög harðir þegar frystir.
- Lúðvík S. Georgsson tók aftur til máls og þakkaði fyrir góðar móttökur. Hann svaraði Hjalta og sagði miklar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum gúmmís í gervigrasvöllum og samkvæmt þeim niðurstöðum sem liggja fyrir er hættan óveruleg. Miklu meiri gúmmí er á götunum borgarinnar heldur en á gervigrasvöllum.

Þingskjal 10

Þingforseti stakk upp á því að umræða um þingskjal 10 og 11 væri tekin saman og var það samþykkt.

- Sigvaldi Einarsson tók til máls og dró tillöguna til baka og lýsti yfir stuðningi sínum við tillögu 11.

Tillaga um breytingu reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Fjölgun liða í 1. deild karla -

Lagt er til að fyrsta grein í kafla 3.9.1.1. breytist og hljóði svo (breytt orðalag er feitletrað): Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í fjórar deildir. Landsbankadeild skal skipuð 10 liðum, **1. deild 12 liðum**, 2. deild 10 liðum og 3. deild skal skipuð þeim aðilum sem ekki eiga lið í Landsbankadeild, 1. og 2. deild. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn Landsbankadeildar.

Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2006:

Tíu lið skulu leika í 1. deild karla 2006 (þau lið sem unnu sér rétt 2005), en strax að lokinni keppni í 1. og 2. deild skal leikið um viðbótarsætin í 1. deild 2007. Liðin í 9. og 10. sæti 1. deildar flytjast ekki beint í 2. deild, eins og reglugerðin kveður á um, heldur skal fjórða lið 2. deildar mæta 9. liði 1. deildar og þriðja lið 2. deildar mæta 10. liði 1. deildar. Leikið skal heima og heiman og síðari leikirnir verða á heimavöllum liðanna úr 2. deild. Sigurvegarar þessara viðureigna leika í 1. deild 2007. Á sama hátt flytjast ekki beint í 3. deild liðin í 9. og 10. sæti 2. deildar heldur skal leikið um sæti sem losna í 2. deild og skal fjórða lið 3. deildar mæta 9. liði 2. deildar og þriðja lið 3. deildar mæta 10 liði 2. deildar. Leikið skal heima og heiman og síðari leikirnir verða á heimavöllum liðanna úr 3. deild. Sigurvegarar þessara viðureigna leika í 2. deild 2007.

Í ofangreindum viðureignum telst það lið sigurvegari sem skorar fleiri mörk í leikjunum tveimur. Ef liðin skora jafn mörg mörk telst það lið sigurvegari sem skorar fleiri mörk á útivelli. Fáist ekki úrslit samkvæmt þessu (þ. e. liðin skora jafn mörg mörk á heima- og útivelli), skal seinni leikurinn framlengdur um 2 x 15 mínútur. Skori liðin jafn mörg mörk í framlengingu skal mark skorað á útivelli gilda tvöfalt (þ. e. útilið telst sigurvegari). Séu engin mörk skoruð í framlengingu skal fara fram vítaspyrnukeppni til að ákvarða sigurvegara.

Greinargerð:

Það er orðið tímabært að fjölga liðum og leikjum í 1. deild karla og það er framkvæmanlegt án þess að lengja tímabilið þar sem oft myndast nokkurt hlé á milli leikja í deildinni, sérstaklega seinni hluta tímabilsins. Lið í 1. deild leika færri leiki en lið í Landsbankadeild, þar sem þau leika ekki í Evrópukeppni og fæst þeirra ná að jafnaði langt í bikarkeppni KSÍ. Þetta er í takt við flest önnur lönd í Evrópu þar sem næstefsta deild er yfirleitt skipuð 2-4 liðum fleiri en efsta deild. Átján umferðir í deildakeppni er of lítið verkefni fyrir lið 1. deildar, miðað við umfang og undirbúning liðanna, og auk þess stuðlar fjölgunin að aukinni breidd í íslenskri knattspyrnu þar sem fleiri leikmenn fá tækifæri til að spila í 1. deild.

HK

Tillagan á þingskjali 10 var dregin til baka og kom því ekki til afgreiðslu.

Þingskjal 11

- Framsögu hafði Þórður Einarsson.

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
- Fjölgun í 1. deild karla -**

Lagt er til að fyrsta grein í kafla 3.9.1.1. breytist og hljóði svo (breytt orðalag er feitletrað):

Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 4 deildir. Landsbankadeild skal skipuð 10 liðum, **1. deild 12 liðum**, 2. deild 10 liðum og 3. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í Landsbankadeild, 1. og 2. deild. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn Landsbankadeildar.

Ákvæði til bráðabirgða 2006:

Einungis neðsta lið 1. deildar 2006 flyst í 2. deild en þrjú efstu lið 2. deildar 2006 flytjast í 1. deild. Á sama hátt flyst aðeins neðsta lið 2. deildar 2006 í 3. deild og þrjú efstu lið 3. deildar 2006 flytjast í 2. deild.

Leiknir R.

- Jónas Þorhallsson tók til máls og þakkaði Þórði fyrir góða framsögu. Benti á að undirbúa þurfi félögin í 1. deild fyrir Leyfiskerfið í Landsbankadeild og að nauðsynlegt væri að aðlaga 1. deildina að Leyfiskerfinu. Jónas lýsti yfir stuðningi við tillögu formanns KSÍ um að deildarkeppnin verði skoðuð í heild sinni á 60. ára afmæli sambandsins.
- Halldór B. Jónsson tók til máls og ræddi um fjölgun félaga í deildum og lenging tímabilsins. Lagði til að heildstæð endurskoðun móta (til dæmis varðandi lengd tímabils, fjölgun liða í deildum og varalið) yrði vísað til stjórnar. Halldór lagði fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að tillögu Leiknis R á Þingskjali 11 - Fjölgun í 1. deild karla - verði vísað til stjórnar KSÍ. Stjórn KSÍ er falið að láta endurskoða keppnisfyrirkomulag í deildakeppni karla og leggja fram tillögur um breytingar á knattspyrnuþingi 2007.

Tillaga Halldórs B Jónssonar um að vísa málinu til stjórnar var felld með 53 atkvæðum gegn 40.

Þá kom til afgreiðslu tillagan á þingskjali 11 og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal 12

- Jónas Sigurðsson tók til máls og tilkynnti að í ljósi orða formanns KSÍ um endurskoðun á fyrirkomulagi móta í meistaraflokki drægi Knattspyrnudeild KR tillöguna til baka.

**Tillaga til ályktunar
- Varalið í meistaraflokki karla -**

Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að breyta reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þannig að félögum verði heimilt að senda varalið til keppni í Íslandsmóti meistaraflokks karla. Varalið verði ávallt að leika tveimur deildum neðar en aðallið viðkomandi félags.

Greinargerð:

Þeir leikmenn sem ekki taka þátt í leikjum aðalliði félagana haf engin metnaðarfull verkefni. Því er það svo eftir eitt til tvö ár í mfl. hverfa þessir leikmenn á brott og hætta knattspyrnuíðkun. Einnig leiðir þetta til þess að félögin geta ekki fylgt eftir þjálfun og áherslum í þjálfun sinna efnilegustu leikmanna.

Knattspyrnudeild KR

Tillagan á þingskjali 12 var dregin til baka.

Þingskjal 13

- Framsögu hafði Sigvaldi Einarsson.

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
– Fjölgun liða í A- og B-deildum 2. og 3. flokks karla –**

Lagt er til að fyrsta grein í kafla 3.9.3.1., um Íslandsmót í 2. flokki karla, breytist og hljóði svo (breytt orðalag er feitletrað):

Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A-deild skal skipuð 10 liðum, B-deild 10 liðum og C-deild skal skipuð þeim félögum sem ekki eiga lið í A- eða B-deild. Heimilt er að skipta C-deild í tvo riðla. Séu lið 5 eða færri í riðli, er Mótanefnd heimilt að hafa allt að fjórfalda umferð í viðkomandi riðli. Sigurvegari í A-deild telst Íslandsmeistari.

Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2006:

Í A-deild 2006 leika ÍA, FH, KR, Valur, Fram, Fylkir, Breiðablik, ÍR, Keflavík og Stjarnan. Í B-deild 2006 leika HK, Fjölnir, Próttur R., Haukar, Þór, Selfoss/Hamar/Ægir, KA, Afturelding, Víkingur R. og Fjarðabyggð.

Jafnframt er lagt til að fyrsta grein í kafla 3.9.4.1., um Íslandsmót í 3. flokki karla, breytist og hljóði svo (breytt orðalag er feitletrað):

Liðum skal skipt í riðla eftir getu. A-riðill skal skipaður 10 liðum, B-riðill 10 liðum og C-riðill skal skipaður þeim félögum sem ekki eiga lið í A- eða B-riðli. Heimilt er að skipta C-riðli í tvo eða þrjá hópa ef þurfa þykir. Einnig er mótanefnd heimilt að skipta C-riðli í hópa eftir landshlutum telji hún ástæðu til.

Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2006:

Í A-riðli 2006 leika Breiðablik, Valur, Fjölnir, ÍA, FH, KR, Fram, Víkingur R., Fylkir og Stjarnan. Í B-riðli 2006 leika Þór, ÍR, Keflavík, ÍBV, Grindavík, HK, Afturelding, KA, Selfoss og Grótta.

Greinargerð:

Verkefnum fyrir leikmenn 15-19 ára þarf að fjölga og keppnistímabil þeirra að lengjast. Leikmenn í 2. og 3. flokki karla þurfa að fá fleiri en 14 leiki á Íslandsmóti og það sama er að segja um 2. og 3. flokk kvenna þó fjölgun þar sé ekki lögð til að svo stöddu. Með þessari tillögu er lagt til að leikjum í 2. og 3. flokki karla á Íslandsmóti sé fjölgað strax úr 14 í 18 en aukningunni er auðvelt að mæta með því að hefja mótið 1-2 vikum fyrr að vori og ljúka því viku síðar að hausti, ef með þarf.

Í framhaldinu leggjum við til að allt mótahald fyrir þennan aldurshóp sé endurskoðað, með það að markmiði að auka gæði og getu íslenskra knattspyrnumanna, og að á þessum aldri fái þeir fleiri og meira krefjandi verkefni, á lengri tíma á árinu, en til þessa. Allir möguleikar eru fyrir hendi til að lengja Íslandsmótið í 2. og 3. aldursflokki verulega, og fækka um leið æfingamótum og æfingaleikjum.

Íslandsmót í þessum flokkum ættu ekki að vera bundin við það tímabil sem hægt er að leika á grasi, heldur ætti að nýta knattspyrnuhúsin og gervigrasvellina til þess að hefja Íslandsmótið snemma á vorin. Það er á aldrinum 15-19 ára sem efnilegir knattspyrnumenn mótast mest og eiga mesta möguleika á að taka framförum. Fjölgun leikja sem skipta máli og lengra tímabil geta þar gert útslagið. Aðstaða til fjölgunar er fyrir hendi þar sem gervigrasvöllum hefur fjölgað verulega. Fyrir þau félög sem aðeins hafa yfir grasvöllum að ráða er hægur vandi að víxla leikjum þannig að þau leiki á útivöllum í fyrstu umferðum, ef með þarf.

Við sjáum þessa fjölgun liða í efstu deildum í 2. og 3. flokki karla sem fyrsta skrefið í þessari þróun og að stefna eigi að frekari fjölgun leikja fyrir 15-19 ára pílta og stúlkur samhliða lengingu tímabils.

Jafnframt því að fjölga liðum í A- og B-deildum 2. og 3. flokks karla strax á árinu 2006 leggjum við til að KSÍ skipi starfshóp til þess að vinna að endurskoðun á mótahaldinu í þessum aldursflokkum, bæði karla og kvenna.

HK

- Halldór B. Jónsson tók til máls og taldi rétt að koma ýmsum sjónarmiðum á framfæri. Niðurstöður funda með félögum eru þær að mörg félög telja verkefnið fyrir þessa flokka vera nægjanleg nú þegar. Skoða þurfi málið í samhengi við til dæmis önnur héraðsmót og próf (samræmdu prófin), utanferðir félaga eru tíðar og samspil við yngri landslið, oft verður að gera hlé vegna þeirra. Með fjölgun þarf að lengja tímabilið, þar sem erfitt að þetta það. Halldór kallaði eftir skoðunum frá fleiri félögum.
- Árni Þorvaldsson tók til máls og spurði hvaða áhrif þetta myndi hafa á C-riðla 3. flokks sem eru landssvæðaskiptir.
- Sigurgeir Stefánsson tók til máls og ræddi um hvaða áhrif þetta hefði á félögin út á landi. Þarf að skoða þetta í heildarendurskoðun. Erfitt að manna lið í þessum flokkum á landsbyggðinni og þetta myndi ekki auðvelda það.
- Halldór B. Jónsson tók aftur til máls og svaraði fyrirspurn Árna, hvað varðar 2. flokk en hafði ekki til taks gögn til að svara um 3. flokk.
- Árni Þorvaldsson tók aftur til máls og tók undir með Sigurgeiri um neikvæð áhrif þessarar tillögu á félögin á landsbyggðinni. Telur þetta ekki vera tímabært.

Tillagan á þingskjali 13 var felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal 14

- Framsógu hafði Lúðvík S. Georgsson.

TILLAGA FRÁ MILLIÞINGANEFND KSÍ

sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna

Á síðasta ársþingi KSÍ var að venju ákveðið að skipa 5 manna millipinganefnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þær breytingar sem þörf er að gera á okkar reglugerðum með hliðsjón af væntanlegri endurskoðun FIFA á reglugerðum um félagaskipti og leikmannssamninga. Hún taki einnig til skoðunar hvar eðlilegt sé að setja mörk atvinnumennsku og áhugamennsku ..”.

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður
Páll Bragason
Steinar Þór Guðgeirsson

Börkur Edvardsson
Sigvaldi Einarsson

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt fjóra bókaða fundi.

Þann 1. júlí 2005 tók gildi ný reglugerð FIFA “Staða og félagaskipti leikmanna”. Var mikil framför með tilkomu þessarar reglugerðar samanborið við eldri reglugerð sem var bæði torskilin og tvíræð. Nýja reglugerðin er bæði styttri og skorinordari. Þó að reglugerð FIFA fjalli fyrst og fremst um félagaskipti leikmanna milli landa eru allmargar greinar hennar sem er skylda að taka upp í reglugerðir einstakra landa. Nefndin stóð því frammi fyrir stóru verkefni þegar hún tók til starfa í haust. Spurningin var hvort lögð yrði fram ný reglugerð eða farið í lagfæringar á núverandi reglugerðum. Síðari leiðin var valin. Vinna Millipinganefndarinnar var jafnframt takmörkuð við nauðsynlegustu breytingar. Jafnframt er þó ljóst að á ársþingi 2007 verður að leggja fram nýja reglugerð KSÍ um stöðu féлага og leikmanna og félagaskipti leikmanna, þar sem eldri reglugerðum er steipt saman í eina, og teknar inn í okkar reglugerð það sem nú stendur út af skyldugreinunum í reglugerð FIFA og aðrar breytingar gerðar sem þörf er á. Þar þarf einnig að taka á hvar eðlilegt er að mörk atvinnumennsku og áhugamennsku séu og hver séu eðlileg efri mörk á greiðslum til áhugamanna, með samanburði við nágrannalöndin. Sömuleiðis verði tilvist stuðlakerfisins skoðuð og farið yfir uppbyggingu þess ef niðurstaðan verður að gefa þessu kerfi frekara líf. Í stað þess að leggja til að þetta verkefni verði falið nýrri millipinganefnd, er það tillaga okkar að það verði falið Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ, sem fái það verkefni til frambúðar að uppfæra reglugerð okkar um þessi mál og gæta þess að hún sé í samræmi við reglugerð FIFA. Helstu atriði sem nefndin vill þó koma í framkvæmd á þessu ári og gerir þar með breytingartillögur um eru eftirfarandi:

1. Tímabundin félagaskipti milli landa skulu að lágmarki ná næsta félagaskiptatímabili (sbr. FIFA).
2. Heimilt sé að fleiri en þrír leikmenn utan Evrópska Efnahagssvæðis séu skráðir í 1. aldursflokki, þó að ekki fái fleiri en þrír að vera á leikskýrslu í hvert sinni.
3. Félagaskipti yngri en 18 ára séu ekki heimil milli landa, nema undanþága sé veitt og skilyrðum FIFA fullnægt, undanþága sótt til Samninga- og félagaskiptanefndar (sbr. FIFA).
4. Leyfilegt að gera leikmannssamninga í Landsbankadeild karla til að allt að 5 ára, nema við leikmenn yngri en 18 ára, þar sem 3 ár eru hámark (sbr. ákvæði FIFA).
5. Möguleg félagaskipti markvarða í sérstökum tilvikum utan félagaskiptatímabils (sbr. UEFA).
6. Heimild til að gera leikmannssamninga í Landsbankadeild kvenna.
7. Mögulegar heildargreiðslur til sambandsleikmanna hækkaðar í 300.000 kr.

Millipinganefndin

Tillögur um breytingar á Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna

1) Lagt er til að bráðabirgðaákvæði í grein A2 falli niður, sbr. þó lokasetningu sem fer í grein A4.

Skýring: Gert er ráð fyrir að skráning leikmanna í gagnagrunn KSÍ verði komin í rétt horf snemma á árinu 2006.

2) Lagt er til grein A4 hljóði svo:

Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, getur hann aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí. Frá og með 1. ágúst til og með 15. október eru félagaskipti innanlands ekki heimil. Samninga- og félagaskiptanefnd skal þó heimilt að veita undanþágu frá því fyrir félagaskipti markvarðar ef ríkar ástæður eru til að mati nefndarinnar. Leikmaður sem skráður er hjá erlendu knattspyrnusambandi (samningsleikmaður/professional) getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið frá og með 15. nóvember til og 31. maí ár hvert, eða frá og með 15. júlí til og með 31. júlí; leikmaðurinn getur þó aðeins haft keppnisleyfi með tveimur félögum á 12 mánaða tímabili, sbr. ákvæði í reglugerð FIFA. Ákvæði um tímabundin félagaskipti veita þó rýmri heimildir sbr. kafla B. Leikmanni er aðeins heimilt að leika með einu félagi í Íslandsmóti innanhúss. Leikmönnum í 4. aldursflokki eða yngri skal þó heimilt að hafa félagaskipti strax að loknu Íslandsmóti í þessum flokkum.

Skýring: Lagfæringar skv. reglugerð FIFA. Opnað á möguleg félagaskipti markvarðar ef neyðarástand skapast hjá félagi vegna meiðsla eða alvarlegra veikinda markvarða; ákvæðinu skal aðeins beitt í algjöru undantekningatilfalli. Loks breytingar sem leiða af breytingum annars staðar.

3) Lagt er til að inn komi ný grein B2 (núverandi B2 verði B3), sem hljóði þannig:

Tímabundin félagaskipti til Íslands skulu að lágmarki ná að næsta félagaskiptatímabili, sbr. grein A4.

Skýring: Sett að kröfu FIFA.

4) Lagt er til að C1 hljóði þannig:

Gerist erlendur ríkisborgari leikmaður með íslensku liði telst hann hlutgengur hafi hann verið búsettur hér á landi í einn dag, sbr. þó grein A 4 hér að framan. Ekki geta fleiri en þrjú erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska Efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldurflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ.

Skýring: Ekki er rétt að takmarka aðgang leikmanna að félagi, þó að heimild til að nýta leikmenn utan EES sé takmörkuð við 3 í leik.

5) Lagt er til að fyrsta setning í D5 hljóði þannig:

Leikmaður, sem hefur verið á samningi, getur ekki í eitt ár eftir að samningur hans rennur út, skipt um félag og leikið án samnings í Landsbankadeild eða 1. deild karla, eða í Landsbankadeild kvenna, né í sömu deild eða efri deild en hann lék í áður og ekki með neinu félagi, sem er með samningsleikmenn/sambandsleikmenn, nema áður sé greitt gjald samkvæmt 4. grein til félagsins sem hann gerði síðast samning við.

Skýring: Tekið tillit til að leikmannssamningar verði leyfðir í Landsbankadeild kvenna.

6) Lagt er til að síðasta setningin í E1 hljóði þannig:

Auk þess gengur skrifstofa KSÍ úr skugga um að uppfyllt sé það skilyrði FIFA að leikmaðurinn geti aðeins haft keppnisleyfi með tveimur félögum á 12 mánaða tímabili.

Skýring: Þetta er ófrávíkjanlega krafa frá FIFA.

7) Lagt er til að inn komi ný grein E2 (núverandi greinar E2-E5 endurnúmerist skv. því) og hljóði hún þannig:

Félagaskipti leikmanna undir 18 ára aldri eru ekki heimil milli landa. Þó er heimilt að veita undanþágu fyrir félagaskipti innan Evrópska efnahagssvæðisins ef leikmaður hefur náð 16 ára aldri og skilyrði

FIFA um slík félagaskipti eru uppfyllt. Slíkri undanþágubeiðni skal beint til framkvæmdastjóra KSÍ. Ákvörðun hans er hægt að áfrýja til Samninga- og félagaskiptanefndar.

Skýring: Sett með hliðsjón af reglugerð FIFA.

8) Í grein F5 breytist tilvísun, E3 verður E4, sbr. breytingu hér fyrir ofan.

9) Lagt er til að grein G1 hljóði þannig:

Félög innan vébanda KSÍ skulu skrá iðkendur sína í knattspyrnu í iðkendaskrá KSÍ eigi síðar en frá því almanaksári sem þeir verða 9 ára.

Skýring: Skerpt á ákvæði þannig að hægt sé að skrá yngri iðkendur en 9 ára.

10) Lagt er til að grein G4 hljóði þannig:

Gjaldið skal vera kr. 1500 fyrir leikmenn 1. og 2. aldursflokks, en kr 750 fyrir 3. flokk og yngri og breytast um hver áramót í samræmi við væntanlegar breytingar á aðgöngumiðaverði í Landsbankadeild karla.

Skýring: Eftir að skráning iðkenda er komin í gang verða skráðir leikmenn í flokkum fyrir neðan 3. flokk að hafa formleg félagaskipti.

Tillögur um breytingar á Reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna

1) Lagt er til að upphæð í grein A1 a sé hækkuð í 300.000 kr.

Skýring: Beiðnir hafa borist um að hækka mörk greiðslna til sambandsleikmanna, þau eru nú við 250.000 kr.

2) Lagt er til að í grein A1 b komi orðið *professional* í stað *non-amateur*

Skýring: Í samræmi við skilgreiningu og orðaval FIFA.

3) Lagt er til að grein B3 hljóði þannig:

Leikmannssamningur (professional contract) (sjá kafla H): Aðeins félögum í Landsbankadeild eða 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í Landsbankadeild karla, en þriggja keppnistímabila í 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna, sbr. þó næstu grein.

Skýring: Lagt er til leikmannssamningar séu heimilir í Landsbankadeild kvenna. Jafnframt er lagt til að leyft sé að gera leikmannssamninga til að allt 5 ára í Landsbankadeild karla, sbr. FIFA reglugerð.

4) Lagt er til að grein B4 hljóði þannig:

Heimilt er að gera samning við leikmann frá og með því almanaksári sem hann verður 16 ára. Ef leikmaður er ekki orðinn 18 ára skal forráðamaður hans einnig undirrita samninginn til að hann taki gildi. Ekki er heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabila við leikmann sem er yngri en 18 ára.

Skýring: Samningar við lengri en 18 ára mega ekki vera lengri en 3 ár, sbr. FIFA reglugerð.

5) Lagt er til að í grein C1 standi *professional club* í stað *non-amateur club*.

Skýring: Í samræmi við skilgreiningu og orðaval í reglugerð FIFA.

6) Lagt er til að í grein C3 falli út eftirfarandi setning:

Samning er ekki unnt að fá skráðan eftir byrjun keppnistímabils (hér skal miða við 1. maí sem byrjun keppnistímabils), nema hann nái einnig yfir næsta keppnistímabil.

Skýring: Til samræmingar við reglugerð FIFA.

7) Lagt er til að í grein C5 komi eftirfarandi innskot á eftir orðunum 2. deild karla:

... eða 1. deild kvenna ...

Skýring: Afleiðing af því að heimila leikmannssamninga í Landsbankadeild kvenna.

8) Lagt er til að í grein D5 falli eftirfarandi setning út : ... ef félag fellur niður í 1. deild karla. Í stað hennar komi eftirfarandi setning:

... ef félag fellur niður um deild.

Skýring: Afleiðing af því að heimila leikmannssamninga í Landsbankadeild kvenna.

9) Lagt er til að upphaf greinar E1 hljóði þannig:

Leikmönnum í Landsbankadeild og 1. deild karla og í Landsbankadeild kvenna er heimilt

Skýring: Afleiðing af því að heimila leikmannssamninga í Landsbankadeild kvenna.

10) Lagt er til að í lok E4 bætist við eftirfarandi setning:

Leikmanni yngri en 18 ára er ekki heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabila.

Skýring: Samningar við leikmenn yngri en 18 ára mega ekki vera lengri en 3 ár, sbr. FIFA reglugerð.

11) Lagt er til að inn komi ný grein E11 (núverandi E11 verði E12) sem hljóði þannig:

Ef ágreiningur er vegna ákvörðunar framkvæmdastjóra KSÍ vegna beiðni um undanþágu fyrir félagaskipti milli landa fyrir leikmenn yngri en 18 ára, sbr. grein E2 í Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, skal nefndin úrskurða í málinu. Málsferð skal vera með sama hætti og í F9. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

Skýring: Sbr. FIFA reglugerð og nýja grein E2 í reglugerð KSÍ um félagaskipti.

12) Lagt er til að upphæð í grein I 1 f hækki úr 250.000 kr í 300.000 kr.

Skýring: Sbr. fyrri breytingu á heimildum í sambandssamningum.

13) Lagt er til að grein I 3 a hljóði þannig:

Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í Landsbankadeild karla, en þriggja keppnistímabila í 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna. Þó er aldrei heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabila við leikmenn sem eru yngri en 18 ára. Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.

Skýring: Til samræmis við fyrri tillögur um breytingar á lengd samninga og leikmannssamninga í Landsbankadeild kvenna.

14) Lagt er til að síðasta setningin í grein I 3 e hljóði þannig:

Ef sammingsfélag fellur niður í 2. deild karla eða 1. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar skilyrðislaust renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila.

Skýring: Afleiðing af leikmannsamningum í Landsbankadeild kvenna.

Milliþinganevnd KSÍ

- Steini Þorvaldsson tók til máls. Hann fagnaði þingskjalinu og hvatti þingheim til að samþykkja það einkum vegna jafnréttissjónarmiða og verndar gegn ásókn erlendra félaga í unga íslenska leikmenn.

Tillagan á þingskjali 14 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 15

- Framsögu hafði Sigvaldi Einarsson.

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um deildabikarkeppni karla

Lagt er til að fjórða grein breytist og hljóði svo (breytt orðalag er feitletrað):

Undankeppni í A- og B-deildum skal hefjast í byrjun desember og ljúka í lok febrúar en úrslitakeppni fer fram í mars. Keppni í C-deild hefst í mars og lýkur fyrir byrjun Íslandsmóts. Mótanefnd getur þó ákveðið að úrslitaleikur A-deildar fari fram síðar.

Greinargerð:

Með bættri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar hér á landi er mikilvægt að leiktímabili deildabikarkeppni karla verði breytt. Með því að spila keppnina frá byrjun desember og fram í byrjun mars yrði en eitt framfaraskrefið tekið í íslenskri knattspyrnu og deildabikarkeppninni yrði lyft á hærri stall en nú er. Ekki er verið að auka umfangið heldur aðeins verið að færa tímabilið frammar til þess að stytta undirbúningstímabil og lengja keppnistímabil. Hér er fyrst og fremst verið að ræða um tvær efstu deildirnar í deildabikarkeppninni, neðstu deildina væri áfram hægt að spila með óbreyttu fyrirkomulagi þar sem félög í þeirri deild hefja æfingar oft mun seinna en hin félögin.

Íslandsmóti og bikarkeppni lýkur í lok september. Eðli málsins samkvæmt taka félögin sér frí eftir þá törn í 3 – 6 vikur og hefja svo æfingar að nýju í október / nóvember. Með breyttu fyrirkomulagi yrði undirbúningstímabil félaganna fyrir deildabikarinn því um 5-7 vikur, allt eftir því hvað þau kjósa sjálf. Mótið sjálft hæfist í byrjun desember og því lyki í byrjun mars. Með því að spila ekki í jólavíkunni eru þetta því 12 vikur sem hægt væri að koma leikjunum fyrir á, líkt og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir. Að deildabikarkeppninni lokinni gefst félögunum færi á að gefa leikmönnum sínum frí í 3-5 vikur áður en endanlegur undirbúningur hæfist fyrir Íslandsmótið í knattspyrnu. Liðin fá því 5-7 vikur til undirbúnings fyrir Íslandsmótið, allt eftir því hvað þau kjósa sjálf. Um leið geta félögin endurskotið stöðu sína fyrir Íslandsmótið með tilliti til árangurs í deildabikarnum. Í raun værum við því komin með svipað fyrirkomulag og er á Norðurlöndunum og m.a. Þýskalandi, þ.e.a.s. tvískipt tímabil þó að mótin eru óskyld. Þetta þýðir ekkert annað en lengra keppnistímabil – styttra undirbúningstímabil.

Aðalrökin fyrir breyttu fyrirkomulagi eru þau að stytta undirbúningstímabilið um nokkra mánuði og um leið að lengja "alvöru" keppnistímabil félaganna. Liðin kæmu mun ferskari til leiks á Íslandsmótinu, en ekki hálf þreytt og leið eftir óhemju langt undirbúningstímabil. Með breyttu fyrirkomulagi yrðu bæði deildabikarinn og Íslandsmótið gerð mun meira spennandi fyrir félögin, leikmenn og ekki síður áhorfendur og stuðningsmenn liðanna. Deildabikarkeppnin myndi njóta mun meira vægis hjá félögunum með breyttu fyrirkomulagi. Hún hefði ekki truflandi áhrif á undirbúning félaganna fyrir Íslandsmótið og ekki væri litið á leiki í keppninni sem æfingaleiki fyrir Íslandsmót, eins og nú er gert. Breytt fyrirkomulag gæti einnig aukið tekjumöguleika félaganna því líklegra er að þau gætu rukkað inn aðgangseyri á leiki í deildabikarnum. Til að deildabikarinn fengi meira vægi yrði að hafa einhverskonar gulrót, t.d. að sigur gæfi rétt til þátttöku í Intertoto keppninni. Útfærslumöguleikarnir eru a.m.k. fjölmargir.

HK

- Halldór B. Jónsson tók til máls á eftir Sigvalda og lýsti yfir furðu sinni á þessari tillögu. Halldór sagði að KSÍ hefði leitað álits þjálfara í efstu deildum og langflestir voru á öndverðri skoðun við þessa tillögu. Halldór lagði til að tillagan yrði felld.
- Sigvaldi Einarsson tók aftur til máls og rökstuddi tillögu sína frekar.

Tillagan á þingskjali 15 var felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal 16

- Framsógu hafði Eiríkur Guðmundsson.

Tillaga um breytingu á reglugerð um búnað knattspyrnuliða

Ný liður, merktur j, bætist við 4. grein reglugerðar um búnað knattspyrnuliða og skal hann hljóða svo:

j) Félögum í Landsbankadeild karla og kvenna er heimilt að setja gylltar stjórnur á keppnistreyjur fyrir ofan félagsmerki sitt og fer fjöldi stjarna eftir því hversu marga Íslandsmeistaratitla viðkomandi félag hefur unnið. Fyrstu gylltu stjórnuna er heimilt að setja þegar félag hefur unnið 5 meistaratitla og síðan bætist við stjarna í fimmta hvert skipti eftir það. Stærð stjarnanna skal vera í samræmi við ákvæði UEFA um slíkar merkingar.

Rökstuðningur:

Það er mikil heiður fyrir félög að vinna Íslandsmeistaratitil og setja stjórnuna í búninginn gefur honum meira og mikilvægara yfirbragð, meiri virðing er borin fyrir búningnum og verður hann eigulegri fyrir stuðningsmenn félaganna. Fleiri og fleiri lönd í Evrópu eru farin að taka þennan sið upp og engin ástæða til að undanskilja íslensku félagsliðin.

ÍA

Tillagan á þingskjali 16 var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal 17

- Framsögu hafði Halldór B. Jónsson.

**Tillaga til ályktunar
- Futsal (innanhússknattspyrna) -**

Knattspyrnuþing 2006 felur stjórn KSÍ að meta hvort taka skuli upp breyttar leikreglur í innanhússknattspyrnu, það er að taka í gildi alþjóðlegar leikreglur FIFA fyrir keppni í FUTSAL. Meta skal áhrif slíkrar breytingar annars vegar í meistaraflokkum karla og kvenna og hins vegar í yngri aldursflokkum.

Telji stjórn KSÍ skynsamlegt að gera þessa breytingu, er stjórninni falið:

- að láta þýða leikreglur í FUTSAL á íslensku,
- að kynna leikreglur í FUTSAL fyrir aðildarfélögum KSÍ, leikmönnum, þjálfurum, dómurum og fjölmiðlum,
- að gera tímaáætlun um innleiðingu breytingarinnar,
- að semja drög að reglugerð um Íslandsmót innanhúss í FUTSAL.

Heimilt er að láta Íslandsmótið í innanhússknattspyrnu 2006 í meistaraflokkum karla og kvenna fara fram eftir leikreglum FUTSAL, svo og Íslandsmót yngri flokka 2007, ef nægur tími vinnst til undirbúnings.

Stjórn KSÍ skal leggja niðurstöður sínar fyrir knattspyrnuþing 2007.

Stjórn KSÍ

Tillagan á þingskjali 17 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 18

- Framsögu hafði Sigvaldi Einarsson.

**Tillaga til ályktunar
– Landsliðsþjálfarar –**

Ársþing KSÍ samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar KSÍ að landsliðsþjálfarar sem ráðnir eru til sambandsins séu ekki þjálfarar viðkomandi aldursflokka hjá félagsliði á sama tíma og þeir eru í starfi sem landsliðsþjálfarar hjá KSÍ.

Greinargerð:

Ef landsliðsþjálfari er jafnframt þjálfari sömu aldursflokka hjá félagsliði stendur hann frammi fyrir því að geta valið eða þurfa að velja leikmenn úr leikmannahópi sem hann hefur yfir að ráða hjá sínu félagsliði í landsliðshóp. Auðvelt er að véfengja trúverðugleika hans, hætta er á hagsmunaaárekstrum, og viðbúið að leikmenn úr hans félagsliði sem valdir eru, njóti ekki sannmælis annarra.

HK

- Geir Þorsteinsson tók til máls og lagði til að tillagan yrði dregin til baka. Geir taldi að knattspyrnuhreyfingin þurfi að treysta því að þeir sem starfi innan hennar geri það af heilindum.

Tillagan á þingskjali 18 var felld með 45 atkvæðum gegn 21.

Þingskjal 19

- Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

Greinargerð frá millipinganefnd um endurskoðun á lögum og reglugerðum KSÍ

Á 58. ársþingi KSÍ var samþykkt eftirfarandi tillaga stjórnar KSÍ:

Ársþing KSÍ samþykkir af fela stjórn KSÍ að skipa 3 manna laganefnd sem starfi milli þinga og vinni að gerð nýrra laga fyrir KSÍ og endurskoðun á reglugerðum sambandsins. Nefndin skal hafa til hliðsjónar nógildandi lög KSÍ og ÍSÍ; og kröfur um nauðsynleg ákvæði sem aðildarsamband UEFA og FIFA. Reglugerðir sambandsins skulu endurskoðaðar m. t. t. nýrra laga og skal sér í lagi skoðað ferli aga- og úrskurðarmála.

Greinargerð:

Bæði UEFA og FIFA starfa nú skv. nýjum lögum. Nauðsynlegt er að lög KSÍ taki mið af ákvörðun þessara samtaka sem og breytingum á skipulagi aðildarféлага. Þá er brýnt að endurskoða ýmsar reglugerðir.

Stjórn KSÍ skipaði síðan þá Lúðvík Georgsson, formann, Halldór B Jónsson og Steinar Guðgeirsson í nefndina. Með nefndinni starfar framkvæmdastjóri KSÍ.

Eins og fram kom á 59. ársþingi KSÍ gerði nefndin ráð fyrir að leggja fram tillögu um ný lög KSÍ á 60. ársþingi KSÍ. Það verður ekki þar sem nefndin hefur ekki enn lokið störfum. Síðastliðið haust boðuðu FIFA og UEFA ýmis knattspyrnusambönd í Evrópu til fundar um lög knattspyrnusambanda, m. a. KSÍ. Rétt fyrir fundinn barst KSÍ bréf frá FIFA þar sem fram komu ábendingar til KSÍ um atriði sem þyrftu skoðunar við í lögum knattspyrnusambandsins. Nú er gert ráð fyrir að nefndin skili tillögu um ný lög til stjórnar KSÍ í byrjun mars, sem síðan verða send FIFA í apríl. Í kjölfar samskipta við FIFA er gert ráð fyrir að endanleg tillaga verði lögð fram til kynningar á formannafundi KSÍ haustið 2006.

Nefndin mun á árinu vinna að heildarendurskoðun á öllum reglugerðum sambandsins sbr. samþykkt 58. ársþings KSÍ og er ráðgert að kynna þær á fyrirnefndum formannafundi.

Millipinganefndin

Önnur mál

- Geir Þorsteinsson tók til máls og lagði fram reglugerðarbreytingar til staðfestingar sem stjórn KSÍ samþykkti á fundum sínum á starfsárinu. Allar breytingarnar voru staðfestar af þingheimi.
- Eggert Magnússon, formaður KSÍ lagði fram ályktunartillögu:

Árþing KSÍ mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum stjórnar ÍSÍ að sniðganga knattspyrnuhreyfinguna við úthlutun á sérstöku fjárframlagi menntamálaráðherra til sérsambanda.

Þingforseti leitaði afbrigða til að taka tillöguna til afgreiðslu og var það samþykkt einróma.

Ályktunartillagan var samþykkt samhljóða.

- Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til Keflavíkur í Landsbankadeild karla og til KA í 1. deild karla.
- Eggert Magnússon afhenti Breiðabliki kvennabikarinn.

Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda:

Kosning til formanns til tveggja ára:

Eggert Magnússon, ÍBR

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Jón Gunnlaugsson, ÍA
 Ástráður Gunnarsson, ÍRB
 Ingibjörg Hinriksdóttir, UMSK
 Lúðvík S. Georgsson, ÍBR

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Guðmundur Ingvason, UÍA
Suðurland	Einar Friðþjófsson, ÍBV

Kosning til varastjórnar til eins árs

Jóhannes Ólafsson, ÍBV
 Kjartan Daníelsson, ÍBR
 Þórarinn Gunnarsson, ÍBR

Kosning varafultrúa landshluta til eins árs

Vesturland	Jón Páll Hreinsson, HSV
Norðurland	Aðalsteinn Sigurgeirsson, ÍBA
Austurland	Valdemar Einarsson, USÚ
Suðurland	Einar Jónsson, HSK

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.**Kosning fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ**

Samþykkt tillaga kjörnefndar að vísa skipun fulltrúa á íþróttáþing til stjórnar KSÍ.

Kosning skoðunarmanna KSÍ

Samþykkt tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs:

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson
	Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson
	Þórður Þorkelsson

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Samþykkt tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson
	Guðmundur Pétursson
	Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Varamenn	Brynjar Níelsson
	Guðmundur Þórðarson
	Hörður Felix Harðarson
	Jóhannes Albert Sævarsson
	Lúðvík Örn Steinarsson

Kosning í dómstól KSÍ

Samþykkt tillaga kjörnefndar um eftirtalda í dómstól KSÍ til eins árs:

Ásbjörn Jónsson
Gunnar Guðmundsson
Halldór Frímansson
Halldór Halldórsson
Hilmar Gunnlaugsson

Leyfiráð KSÍ og leyfidómur KSÍ

Samþykkt tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfiráð og leyfisdóm KSÍ til tveggja ára:

Leyfiráð KSÍ:

Lúðvík S. Georgsson formaður
Guðmundur H. Pétursson
Steinar Þór Guðgeirsson
Stefán Bergsson
Örn Gunnarsson

Leyfisdómur KSÍ:

Sveinn Jónsson formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir

Viðar Halldórsson, formaður
Steinn Halldórsson
Vignir Þormóðsson

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**Þingslit**

Þingforseti þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og fól Eggerti Magnússyni, formanni KSÍ, að slíta þingi.

Formaður KSÍ, Eggert Magnússon, þakkaði það traust sem sér var sýnt. Hann þakkaði þingheimi fyrir góð störf og hvatti þingfulltrúa til að vinna áfram að framgangi knattspyrnunnar og óskaði þeim alls hins besta í störfum sínum. Hann óskaði einnig nýendurkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjör sitt og þakkaði starfsfólki þingsins og starfsfólki KSÍ fyrir góð störf og óskaði þingheimi góðrar heimferðar. Eggert ræddi þann möguleika að næsta ársþing sambandsins yrði á nýendurbyggðum Laugardalsvelli, ef það fæst samþykkt – að öllu jöfnu ætti það að vera út á landi.

Að svo loknu sleit Eggert Magnússon, formaður KSÍ, 60. ársþingi sambandsins.

Guðmundur Pétursson
1. þingforseti
(sign.)

Ingvi Guðmundsson
1. þingritari
(sign.)

Steinn Halldórsson
2. þingforseti
(sign.)

Klara Bjartmarz
2. þingritari
(sign.)